

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**702. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 20. júní 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Aðalfundarboð Hagfélagsins ehf.
2. Boðsbréf H&S Ísland ehf.
3. Fundargerð stjórnar SSNV frá 8. júní s.l.
4. Fundargerð landbúnaðarráðs frá 15. júní s.l.
5. Bréf SSNV um skipan sameiginlegrar barnaverndarnefndar.
- 6.

**Afgreiðslur:**

1. Lagt fram aðalfundarboð Hagfélagsins ehf. sem haldinn verður 21. júní 2011 kl 16:00 að Höfðabraut 6 Hvammstanga. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og oddviti til vara.
2. Lagt fram boðsbréf frá H&S Ísland ehf. í léttar veitingar 23. júní n.k. í veiðihúsinu við Tjarnarbrekku.
3. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 8. júní s.l. Sveitarstjóri kynnti.
4. Lögð fram fundargerð 105. fundar landbúnaðarráðs frá 15. júní s.l. Borinn undir atkvæði 1. liður, skipting styrkvegafjár 2011. Tillaga landbúnaðarráðs samþykkt samhljóða. Borinn undir atkvæði 2. liður. Umsögn landbúnaðarráðs um leigu jarðanna Fosskots og Lækjarbæjar samþykkt samhljóða Fundargerðin í heild borin upp og samþykkt samhljóða.
5. Lagt fram bréf SSNV dags. 14. júní s.l. um tillögu að skipan sameiginlegrar barnaverndarnefndar á Norðurlandi vestra. Erindinu vísað til umsagnar félagsmálaráðs.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl.14:53

\_\_\_\_\_  
Stefán E. Böðvarsson

\_\_\_\_\_  
Leó Örn Þorleifsson.

\_\_\_\_\_  
Elín R. Líndal

\_\_\_\_\_  
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

\_\_\_\_\_  
Elín Jóna Rósinberg.

\_\_\_\_\_  
Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri